

# Náttúruminjasafn Íslands

## Ársskýrsla 2025



# Ársskýrsla

## Náttúruminjasafns Íslands 2025

# Efnisyfirlit

### Ávarp forstöðumanns

### Miðlun og fræðsla

- Sýningar
- Viðburðir og samstarf
- Safnfræðsla

### Rannsóknir

- Biodice
- CAP-SHARE
- Umhverfishugvísindi

### Safnkostur

- Steingervingasafn
- Eldfjallasafn Haraldar Sigurðssonar
- Sarpur

### Útgáfa

- Útgáfa Náttúruminjasafnsins
- Náttúrufræðingurinn

### Mannauður

### Fjármál

### Náttúruminjasafn Íslands

### Ritlisti

### Fyrirlestrar, erindi og málþing

# Ávarp forstöðumanns

Árið 2025 var viðburðaríkt ár í starfsemi Náttúruminjasafns Íslands. Safnið tók skref í átt að nýjum höfuðstöðvum sem fyrirhugaðar eru að Safnatröð 5 á Seltjarnarnesi en í maí fluttu bæði varðveislurými og skrifstofur að Bygggördum 12 en það húsnæði er við hlið framtíðarhúsnæðisins.

Á árinu var haldinn fjöldi viðburða sem vöktu áhuga og náði til fjölbreytts hóps og sem dæmi má nefna tók Náttúruminjasafnið þátt í Sjómannadeginum og Vísindavöku, hvoru tveggja gríðarlega fjölmennir viðburðir sem náðu eyrum og augum margra. Safnfræðsla gekk vel og staðfesti mikilvægi safnsins sem lifandi vettvangs miðlunar, fræðslu og samtals um náttúru Íslands.

Í desember 2025 kom út stefna stjórnvalda um verndun líffræðilegrar fjölbreytni en starfsfólk safnsins tók virkan þátt í stefnumótunavinnunni. Náttúruminjasafnið er einn af þeim ábyrgðaraðilum sem nefndir eru í skýrslunni varðandi rannsóknir, fræðslu og miðlun og ljóst að okkar hlutverk er skýrt þegar kemur að málaflokknum.



Ragnhildur Guðmundsdóttir, forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands.

Horft fram á veginn eru spennandi tímar fram undan. Undirbúningur fyrir flutninga í Náttúruhús stendur yfir og felur í sér ný tækifæri til að efla starfsemi safnsins, bæta aðgengi almennings og skapa heildstæða umgjörð um rannsóknir, sýningar og fræðslu. Vinna hófst við sýningu í Nesstofu í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum en Thomas Lyngby var ráðinn sem sýningarstjóri fyrir verkefnið. Fyrirhugað er að setja upp sýningu um Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar í Nesstofu en það er hluti af sérstöku átaksverkefni yfirvalda varðandi danskt-íslenskt vísindasamstarf.

Á árinu lauk einnig sýningarhönnun fyrir grunnsýninguna Hafið sem setur skýran ramma utan um framtíðarsýn safnsins og styrkir stöðu þess sem miðstöð þekkingar um náttúru landsins. Fyrirhugað er að sú sýning fari upp í Náttúruhúsi í Nesi og vonandi mun ekki líða á löngu þar til landsmenn geta notið sýningarinnar og safnið farið að að starfa sem skildi.

Ég vil þakka starfsfólki safnsins, samstarfsaðilum og öllum þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til þessa árangurs. Með sameiginlegu átaki höldum við áfram að byggja upp Náttúruminjasafn Íslands sem öflugan vettvang fræðslu, rannsókna og upplifunar – nú og til framtíðar.

Ragnhildur Guðmundsdóttir  
Forstöðumaður  
Náttúruminjasafns Íslands



Náttúruhús í Nesi.

# Miðlun og fræðsla

Sýningar

Viðburðir og samstarf

Safnfræðsla




## Sýning í nýjum höfuðstöðvum, Náttúruhúsi í Nesi

Hönnun grunnsýningar Náttúruminjasafnsins í nýjum höfuðstöðvum safnsins í Náttúruhúsi í Nesi hefur staðið yfir frá vormánuðum 2023 og var formlega lokið um mitt árið. Sýningin er hönnuð í samstarfi við hollenska hönnunarfyritækið Kossmanndejong, sem varð hlutskarpast í útboði og hönnunarsamkeppni á evrópska efnahagssvæðinu.

Sýningin fjallar um hafið, líffræðilega fjölbreytni og loftslagsmál, þar sem gestir öðlast nýja þekkingu, virðingu og væntumþykju fyrir náttúrunni.

Vinnan við sýninguna gekk mjög vel og komu margir þar að, bæði innan safnsins sem og sérfræðingar utan stofnunarinnar. Þar má helst nefna sérfræðinga á vegum Hafrannsóknarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfisstofnunar, Háskóla Íslands, Háskólans á Hólum og fleiri.

Ekki hefur verið tryggt fjármagn til framleiðslu sýningarinnar og hefur því áframhaldandi sýningargerð verið sett á ís og algjör óvissa ríkir um hvenær hægt verður að hefja lokafasa sýningarvinnunnar, þ.e. framleiðslu og smíði. Framkvæmdir við húsið sjálf ganga vel, þó með einhverjum töfum. Búist er við að framkvæmdir klárast í mars 2026.



Svipmyndir frá nýrri grunnsýningu um Hafið. Hér má sjá skýssur af tveimur atriðum, þaraskóginum og geirfluglinum.

# Sýning um Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar í Nesstofu

Samstarf um sýningu þar sem fjallað er um Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar í Nesstofu hófst formlega um mitt ár 2025. Sýningin er afrakstur átaksverkefnis Íslenskra Stjórnvalda, sem hrundið var af stað vorið 2019 í tilefni 75 ára afmælis Lýðveldisins og er ætlað að efla vísindasamvinnu Dana og Íslendinga. Fyrir sýningunni standa Þjóðminjasafn Íslands og Vigdísarstofnun – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar við Háskóla Íslands í samvinnu við Náttúruminjasafn Íslands. Sýningin er styrkt af íslenskum stjórnvöldum og A.P. Møller sjóðnum í Danmörku.

Sýningin fjallar um innihald og bakgrunn ferðabókarinnar og þýðingu hennar héraendis sem erlendis. Nesstofu verður gerð sérstök skil sem aðsetur landlæknis, apóteks, rannsóknarstofu, sjúkrahúss og heimilis á 18. öld.

Sýningarstjóri er Thomas Lyngby en í sýningarnefnd eru fulltrúar þeirra stofnanna sem að sýningunni koma. Áætlað er að sýningin opni í ársbyrjun 2027.

Náttúruminjasafn Íslands mun sjá um Nesstofu og nýju sýninguna og jafnframt þróa og hanna safnfræðslu sniðna að efni sýningarinnar fyrir skólahópa.



Nesstofa á Seltjarnarnesi.



Thomas Lyngby, sýningarstjóri sýningarinnar um Ferðabók Eggerts og Bjarna ásamt starfsfólki Þjóðminjasafnsins og Náttúruminjasafnsins.

# Viðburðir

**Viðburðahald er umfangsmikill og mikilvægur liður í miðlun safnsins og voru viðburðir sem safnið stóð fyrir eða var þátttakandi í, á annan tug á árinu 2025.**

Viðburðirnir voru að venju af ýmsum toga og reynt var að höfða til breiðs markhóps. Áhersla er lögð á lifandi fræðslu um náttúruna, sköpun og mismunandi skynjanir.

Árið hófst með reglulegum fjölskylduviðburði í febrúar þar sem gestir fengu að læra um og greina síðsteindir. Viðburðurinn er hluti af fastri viðburðaröð safnsins, Spennandi sunnudagar og er haldið úti mánaðarlega. Viðburðirnir eru sérhannaðir fyrir fjölskyldufólk með ung börn, og fá gestir tækifæri til að læra um íslenska náttúru í gegnum lifandi fræðslu, leik og listsköpun. Þessir viðburðir eru mjög vinsælir og sækja þá að meðaltali um 200 manns.

Ársfundur höfuðsafnanna og aðalúthlutun úr safnasjóði var haldinn 14. febrúar í Þjóðminjasafni Íslands. Logi Einarsson menningarráðherra ávarpaði gesti og úthlutaði 129 styrkjum, alls kr. 217.159.500 krónum úr safnasjóði. Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafnsins kynnti nýjar tilvonandi höfuðstöðvar safnsins í Náttúruhúsi í Nesi og sagði frá nýrri grunnsýningu um hafið.



Steinagreiningarviðburðirnir eru vinsælir.



Safnið stóð fyrir viðburði þar sem gerðar voru tilraunir með liti, vatn og salt.



Viðar Hreinsson, Helga Aradóttir, Hilmar Malmquist og Ragnhildur Guðmundsdóttir ásamt Loga Má Einarssyni menningarráðherra á Ársfundi höfuðsafnanna.

# Samstarf í viðburðahaldi

**Safnið leggur ríka áherslu á samstarf við aðrar stofnanir, ekki síst í viðburðahaldi, því slíkt samstarf gefur breiðari vettvang til að miðla náttúrufræðum á sem fjölbreyttastan hátt.**

Jöklum var gerð góð skil með sýningum og viðburðahaldi í tilefni af því að Sameinuðu þjóðirnar gáfu út að árið 2025 væri tileinkað jöklum sem eru á hverfanda hveli.

Málþing á Alþjóðadegi jökla, 21. mars var haldið í Veröld – húsi Vigdísar. Að viðburðinum stóðu auk safnsins, Jöklarannsóknafélag Íslands, Veðurstofa Íslands, Jarðvísindastofnun Háskólans, Náttúrufræðistofnun, Félag Sameinuðu þjóðanna, Sjálfbærnistofnun HÍ, Náttúruverndarstofnun og Íslenska vatnafræðinefndin.

Jöklar á hverfanda hveli var áhugaverður fjölskylduviðburður sem haldinn var í mars þar sem jökulís var skoðaður og gestum gafst kostur á að prófa búnað sem þarf fyrir jöklaferðir. Viðburðurinn var haldinn á sýningu safnsins í samstarfi við Jöklarannsóknarfélag Íslands, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og Náttúruverndarstofnun. Á sama tíma opnaði sýning á verkum barna og ungmenna sem tóku þátt í skapandi samkeppni sem haldin var í tilefni af alþjóðaári jökla.



Brot af verkum barna og ungmenna sem tóku þátt í skapandi samkeppni í tilefni af alþjóðaári jökla.



Á jöklaviðburðinum í mars var hægt að prófa jöklabúnað og fræðast um jöklaferðir.

## Safnið leggur ríka áherslu á viðburðahald úti í náttúrunni



Í apríl var farið í fjöruferð í Gróttu í samstarfi við Náttúruverndarstofnun þar sem gestir fengu að læra um og þekkja helstu lífverurnar sem þar búa. Þessi viðburður var hluti af dagskrá Barnamenningarhátíðar í Reykjavík þar sem þemað var Úti að leika!



Einnig tók safnið þátt í **Degi hinna villtu blóma** í júní ásamt Náttúrusafni Kópavogs, Grasagarði Reykjavíkur og Flóruvinum þar sem Borgarholtið í Kópavogi var skoðað með tilliti til gróðurs og plöntur greindar.

## Icewater viðburðir



**Fjaran** var sýning sem sett var upp í verbúð 57 úti á Granda á Sjómannadaginn. Sýningin var samstarfsverkefni Náttúruminjasafnsins, Umhverfis- og orkustofnunar og Katrínar Þorvaldsdóttur, listakonu. Þar var frætt um fjöruna, lífríki hennar og umgengni okkar um hafið. Boðið var upp á tvær mismunandi skapandi smiðjur yfir daginn. Sýningin var mjög vinsæl og sóttu hana hundruð manna. Sýningin var liður í viðburðadagskrá LIFE-Icewater verkefnisins sem er samstarfsverkefni vísindafólks, sveitarfélaga, fyrirtækja og stjórnvalda.



Náttúruminjasafnið tók þátt í **Vísindavöku** í lok september ásamt Náttúrufræðistofnun. Þar var LIFE-Icewater verkefnið kynnt, en sett var upp sýning með náttúrugripum sem tengjast vatni, smádýr sem lifa í fersku vatni voru skoðuð í víðsjám og ný kortasjá Náttúrufræðistofnunar var kynnt. Boðið var upp á pínulítill lífveru húðflúr og litlar litabækur sem fræða um litlar lífverur sem lifa í vatni.



# LIFE-Icewater

**Náttúruminjasafn Íslands tekur þátt í innleiðingu á vatnaáætlun í verkefninu LIFE ICEWATER. Verkefnastjórn er í höndum Umhverfis- og orkustofnunar en auk þess eru 21 samstarfsaðilar í verkefninu. Verkefnið samanstendur af ýmsum undirverkefnum sem miða að því að flýta fyrir og bæta innleiðingu vatnaáætlunar á Íslandi.**

## Markmið verkefnisins eru:

- Að auka þekkingu á notkun, eiginleikum og ástandi vatns á Íslandi
- Að tryggja samhæfða og skilvirka stjórnsýslu í vatnamálum
- Að bæta vatnsgæði, til dæmis með úrbótum í fráveitu og hreinsun á fráveituvatni
- Að fræða almenning og hagaðila um mikilvægi vatns

LIFE ICEWATER skapar tækifæri til nýsköpunar í stjórnsýslunni í gegnum þverfaglegt samstarf fjölmargra aðila með það að leiðarljósi að bæta vatnsgæði um allt land og hámarka samfélagslegan ábata af slíkum aðgerðum.

Aðkoma Náttúruminjasafnsins að verkefninu snýr fyrst og fremst að miðlun og fræðslu til almennings og skóla um mikilvægi vatns fyrir náttúru og samfélag. Náttúruminjasafnið mun halda utan um þróun fræðsluefnis og sýninga auk þess að vinna að þverfaglegum og skapandi verkefnum í samstarfi við skóla og listafólk. Verkefni Náttúruminjasafnsins innan þessa stóra verkefnis eru til þriggja ára, eða frá 2025 – ársloka 2027.



Starfsfólk 22 stofnana og fyrirtækja taka þátt í Icewater verkefninu. Hér er hópurinn á upphafsfunni verkefnisins sem haldinn var í Elliðaárstöð í mars 2025.

## Skilgreind verkefni Náttúruminjasafnsins innan LIVE-Icewater eru:

- Átta tíu mínútna sjónvarpsþættir fyrir börn og ungmenni um mikilvægi vatnsins og verndunar þess. Þættirnir verða frumsýndir á RÚV í ársbyrjun 2027.
- Átta fjölskylduviðburðir þar sem vatnið er í aðalhlutverki.
- Útilistaverk sem verður utandyra við Náttúruhús í Nesi og mun miðla sjávarhita í rauntíma sem mældir eru í Reykjavíkurbær sem og varpa ljósi á hitastigsmælingar sjávar í samhengi við loftslagsbreytingar.
- List og vatn er samstarfsverkefni safnsins við listafólk, hönnuði og skóla þar sem listsköpun er kveikjan að fræðslu og áhuga á mikilvægi vatnsins.
- Þróun fræðsluefnisins Frodleiksbrunnur.is með áherslu á að miðla fræðsluefni um vatn sem nýtist við kennslu og heimsóknir á safnið.

# Safnfræðsla

**Heimsóknir á sýninguna Vatnið í náttúru Íslands á 2. hæð Perlunnar er stoðin í safnfræðslu Náttúruminjasafnsins en auk þess leita safnkennarar safnsins fjölbreyttra leiða til að vinna með skólunum í ýmsum þróunarverkefnum samhliða því að undirbúa fræðslu á nýrri grunnsýningu um hafið sem verður í nýjum framtíðarhöfuðstöðvum safnsins í Náttúruhúsi í Nesi.**

Safnkennarar taka á móti skólahópum allt skólaárið. Heimsóknir eru ávallt ókeypis og tekið er á móti skólahópum á öllum skólastigum. Nemendur í leikskólum fara í upplifunarferð um sýninguna Vatnið í náttúru Íslands, þar sem þeir kynnast mismunandi birtingarmyndum vatns, meðal annars með því að hlusta, snerta og sulla og skoða lífverur sem búa í vatninu meðan grunnskólanemendur kafa dýpra í inntak sýningarinnar, fá fræðslu um tiltekin þemu og styðjast við verkefni sem þau leysa samhliða því að skoða sýninguna.

Einnig er boðið upp á heimsóknir fyrir framhaldsskólanema, háskólanema og frístundaheimili og eru þær heimsóknir þá sérsniðnar í samstarfi við viðkomandi kennara.

Safnið tók auk þess á mót 6. bekk í grunnskólum Reykjavíkur í samstarfi við Miðstöð útivistar og útináms og Perluna líkt og undangengin ár. Að þessu sinni var ákveðið að opna fyrir þessar heimsóknir að hausti en síðustu ár hafa þær einungis farið fram á vorin. Hóparnir fræddust um náttúruna og skoðuðu allar sýningarnar í Perlunni, en hófu heimsóknina hjá Náttúruminjasafninu þar sem safnkennari tók á mót þeim.



Safnkennarar Náttúruminjasafnsins tóku á mót 1545 nemendum á öllum skólastigum í 84 hópum á árinu og 230 kennarar fylgdu nemendum. Heimsóknir á sýninguna Vatnið í náttúru Íslands á 2. hæð Perlunnar er stoðin í safnfræðslu Náttúruminjasafnsins en auk þess leita safnkennarar safnsins fjölbreyttra leiða til samstarfs við skóla í ýmsum þróunarverkefnum. Farið er t.d. í heimsóknir í skóla með safnkost og fræðslu um fjölbreytt viðfangsefni tengd náttúrunni.



# Samstarf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands

**Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Náttúruminjasafn Íslands gerðu með sér samning fyrir skólaárið 2025-2026 sem miðar að því efla náttúrufræðimenntun kennaranema við skólann og stuðla að samstarfi og samlegð á sviði miðlunar og rannsókna.**

Hjá Náttúruminjasafninu starfa sérfræðingar á sviði líffræði og jarðfræði og sérhæft starfsfólk með þjálfun og reynslu í námsefnisgerð, safnfræðslu og miðlun vísinda. Með samningnum nýja er ætlunin að nýta þessa sérþekkingu meðal annars í samstarfi um menntun kennaranema innan Menntavísindasviðs á sviði náttúruvísinda, en þar er ekki síst horft til kennslu sem tengist náttúru Íslands. Sérfræðingar safnsins sinna kennslu í tilteknum námskeiðum innan Menntavísindasviðs sem snúa að þessum viðfangsefnum.

Samstarfssamningurinn gerir enn fremur ráð fyrir að nemendur Menntavísindasviðs geti nýtt aðstöðu safnsins í námi og kynnist hvernig það nýtist í kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Enn fremur fá nemendur tækifæri til að þróa fræðsluefni og skipuleggja safnfræðslu fyrir safngesti og skólahópa um náttúru og vistkerfi Íslands í samstarfi og undir handleiðslu sérfræðinga Náttúruminjasafnsins. Þá er markmið samningsins jafnframt að hvetja bæði fræðimenn og nema hjá stofnunum tveimur til að eiga samstarf um rannsóknir og miðlun á sínum fræðasviðum.

Rannveig Magnúsdóttir, doktor í líffræði, námsefnishöfundur og sérfræðingur hjá Náttúruminjasafninu og Biodice sá að mestu um kennsluna á hausmisseri 2025. Auk Rannveigar komu Snæbjörn Guðmundsson, jarðfræðingur og Helga Aradóttir, safnkennari hjá Náttúruminjasafninu að kennslunni. Nemendur voru aðallega grunnskóla- og leikskólakennaranemar.

Náttúrufræðikennslan spannaði allt frá kennslu um pöddur, plöntur, fugla og spendýr yfir í kennslu á líffræðilegri fjölbreytni og endurheimt vistkerfa. Útikennslan var mjög fjölbreytt, farið var með nemendur í jarðfræðiferð, fjöruferð, vatnalífsferðir og á sýningu Náttúruminjasafnsins Vatnið í náttúru Íslands í Perlunni.



Við undirritun samningsins í Háskóla Íslands. Standandi eru Elsa Eiríksdóttir, prófessor við Deild faggreinakennslu við Menntavísindasvið, og Helga Aradóttir, safnkennari hjá Náttúruminjasafni Íslands. Sitjandi eru frá vinstri Silja Bára R. Ómarsdóttir, rektor HÍ, Ragnhildur Guðmundsdóttir, settur forstöðumaður Náttúruminjasafns, og Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs. MYND/Kristinn Ingvarsson.



Nemendur greina lífverur í vatnalífsferð í Vatnsmýrinni.

## Norrænt málþing um náttúrutúlkun

Náttúruminjasafn Íslands ásamt Náttúruverndarstofnun og Þjóðgarðinum Þingvöllum var þátttakandi í samnorrænu verkefni sem snýr að því að efla náttúrutúlkun á Norðurlöndunum. Þátttakendur í verkefninu voru auk Íslands, Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland. Skipuleggjendur frá löndunum fimm hittust á vinnufundi í Helsinki haustið 2024 til að undirbúa málþing sem fór fram í Uppsala dagana 19.-21. mars. Náttúruminjasafnið kom að skipulagningu málþingsins og stóð fyrir vinnustofu. Auk skipuleggjenda var aðilum frá Landvernd, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrusafni Kópavogs og Náttúrubarnaskólanum boðið með.

[Hér er hægt að fræðast betur um þetta verkefni](#)



Þátttakendur skipulögðu og tóku þátt í fjölbreyttum vinnustofum.



## Finndu mig í fjöru - Skapandi náttúrulæsi

Veturinn 2024-2025 unnu Grandaskóli, Menntaskólinn við Sund og Náttúruminjasafn Íslands að þróunarverkefninu Finndu mig í fjöru - Skapandi náttúrulæsi. Verkefnið, sem styrkt var af Sprotasjóði, hófst haustið 2024 og var hugsað til eins árs. Þátttakendur voru nemendur í umhverfisfræði við Menntaskólann við Sund og nemendur í 4. bekk í textíl í Grandaskóla.

Markmið verkefnisins var að vinna með félagskennslu til að tengja á milli skólastiga og efla náttúrulæsi með áherslu á lífríki hafsins og fjörunnar. Í hverjum hópi voru nokkrir nemendur úr MS og nokkrir úr Grandaskóla. Nemendur fóru saman í fjöruferðir í Gróttu, unnu listaverk og heimildamyndbönd um fjöruna og í tengslum við verkefnið var sett upp sýning á verkum nemenda á Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2025.



Fjöruferðirnar í Gróttu voru innblástur fyrir skapandi verkefni nemenda.



## Safnabragur

Höfuðsöfnin þrjú, Náttúruminjasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Listasafns Íslands í samstarfi við Guðrúnu Dröfn Whitehead lektor í Safnafræði við Háskóla Íslands fengu styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að kortleggja safnfræðslu hjá söfnum, sýningum, setrum og öðrum menningarstofnunum.

Nemarnir Harpa Rut Hilmarsdóttir og Regína Máriaúsdóttir unnu að verkefninu sumarið 2025, undirbjuggu spurningalista sem þær sendu út og unnu svo úr gögnunum yfir sumarið. Helstu niðurstöður þessarar vinnu voru kynntar á viðburði í Þjóðminjasafninu þriðjudaginn 30. september. Áætlað er að verkefnið haldið áfram sumarið 2026.




Nemarnir Regína og Harpa Rut ásamt sérfræðingum höfuðsafnanna og Guðrúnu Dröfn Whitehead.

## Fróðleiksbrunnur

**Fræðslusíða safnsins, [www.frodleiksbrunnur.is](http://www.frodleiksbrunnur.is) er í virkri notkun og uppfærð reglulega. Kennurum er bent á að nýta sér síðuna við undirbúning og eftirfylgni heimsóknar á safnið.**

Á Fróðleiksbrunninum má finna fjölbreytta fræðslu, tilraunir, þrautir og leiki tengda náttúrunni. Efnið er sérstaklega sniðið að börnum og kennurum á grunnskólastigi, en einnig fjölskyldum sem vilja fræðast um náttúruna.

Markmiðið með framsetningu fræðslu- og námsefnisins er að efla náttúru- og umhverfisvitund, kynnast nærumhverfinu og villtri náttúru og nýta þannig öll skilningarfæri til að auka náttúrulæsi. Vefurinn styður við skólaheimsóknir á safnið, bæði sem undirbúningur fyrir heimsóknirnar og ekki síður þegar heim í skólann er komið.



Skjáskot af Fróðleiksbrunninum, fræðslusíðu Náttúruminjasafnsins.

# Rannsóknir

Náttúruminjasafn Íslands skal lögum samkvæmt sinna rannsóknum á starfssviði sínu sem hverfist um miðlun fróðleiks og upplýsinga um náttúru landsins, náttúrusögu, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd. Miðluninni skal meðal annars sinnt með sýningahaldi, prentaðri og rafrænni útgáfu, fyrirlesturum og erindum.



# Biodice

Biodice er samstarfsvettvangur um líffræðilega fjölbreytni á Íslandi. Vettvangurinn sameinar rannsókn- og þjónustustofnanir, háskóla, sérfræðinga, áhugafólk, samtök og fyrirtæki sem vilja efla aðgerðir, stefnumótun og vitundarvakningu um mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni. Dagleg umsjón með starfseminni er hjá Náttúruminjasafni Íslands, en Biodice starfar með sjálfstæðri stjórn. Formaður stjórnar er Skúli Skúlason og auk hans sjá Rannveig Magnúsdóttir, sérfræðingur og Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, sérfræðingur, um daglega umsjón vettvangsins.

Biodice og Náttúruminjasafn Íslands leggja áherslu á að styrkja íslenska stjórnarsýslu, menntun, fræðslu og rannsóknir svo Ísland uppfylli alþjóðlegar skuldbindingar um líffræðilega fjölbreytni. Vettvangurinn miðlar upplýsingum og veitir ráðgjöf byggða á leiðbeiningum rannsóknar Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (CBD) og styður innleiðingu á Kunming-Montréal samkomulaginu (Global Biodiversity Framework - GBF).



# Biodice á Líffræðiráðstefnunni 2025


Málstofa Biodice á líffræðiráðstefnunni 9. október, fjallaði um mikilvægi þekkingar og rannsókna við innleiðingu á stefnu Íslands um líffræðilega fjölbreytni. Rannveig Magnúsdóttir var fundarstjóri og sex erindi voru á dagskrá ásamt umræðum. Skúli Skúlason, Ole Sandberg og Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir kynntu verkefni Biodice og Cécile Chauvat kynnti CAP-SHARE verkefnið. Í kjölfarið héldu Guðrún Óskarsdóttir og Christophe Pampoulie tvö erindi um áskoranir í rannsóknum á lífríki Ísland. Björn Barkarson kynnti Hvítbók um líffræðilega fjölbreytni og Álfur Birkir Bjarnason stýrði umræðu um rannsóknarþörf á líffræðilegri fjölbreytni hérlendis. Þátttaka í málstofunni var afar góð og yfir 100 manns voru í salnum.



Rannveig Magnúsdóttir, fundarstjóri málstofunnar.

# Líffræðileg fjölbreytni Norðurlanda (Nordic Biodiversity Framework - NBF)

Í ársbyrjun 2024 fékk Biodice, ásamt samstarfsaðilum í Danmörku og Finnlandi, styrk frá Norræna vinnuhópnum um líffræðilega fjölbreytni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Verkefnið, sem lauk á árinu 2025, fólst í rannsókn á stöðu og aðferðum Íslands, Danmerkur og Finnlands við innleiðingu á GBF. Í maí 2025 var gefin út greinargerð um vinnustofu Íslands í verkefninu. Í júní 2025 var lokaskýrsla verkefnisins gefin út: Nordic Biodiversity Framework – Laying the foundation for Nordic synergy regarding the Global Biodiversity Framework. Niðurstöður verkefnisins munu nýtast stjórnvöldum Norðurlanda við innleiðingu GBF.



Lokaskýrsla verkefnisins: Nordic Biodiversity Framework - Laying the foundation for Nordic synergy regarding the Global Biodiversity Framework.

## Samningur við atvinnuvegaráðuneytið

Vinna við þetta verkefni hófst í mars 2024 þegar matvælaráðuneytið gerði samning við Biodice um að gera stöðumat á innleiðingu markmiða GBF í málaflokkum ráðuneytisins (landgræðsla og skógrækt, landbúnaður, lagareldi og sjávarútvegur). Stöðumatið sýnir hvernig lög, reglugerðir, stefnur og verkefni á vegum ráðuneytisins stuðla að því að markmiðunum verði náð og skuldbindingar Íslands til samnings Sameinuðu þjóðanna uppfylltar. Aðferðafræðin við stöðumatið var þróuð af starfsfólki Biodice.

Í byrjun árs 2025 urðu breytingar á ráðuneytum með nýrri ríkisstjórn. Matvælaráðuneytið varð atvinnuvegaráðuneyti og fékk til sín málefni ferðapjónustu, neytenda, viðskipta og iðnaðar. Málefni landgræðslu og skógræktar fóru til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Ákveðið var að bæta við stöðumati fyrir ferðamál og neytendamál en halda inni málefnum landgræðslu og skógræktar. Verkefninu lauk í júní 2025 og skýrslan Stöðumat á málaflokkum atvinnuvegaráðuneytis vegna samkomulags Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni var gefin út í byrjun október 2025.

Stöðumat á málaflokkum  
atvinnuvegaráðuneytis vegna  
samkomulags Samnings Sameinuðu  
þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni



Skýrslan Stöðumat á málaflokkum atvinnuvegaráðuneytis vegna samkomulags Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.

# Hvítbók um líffræðilega fjölbreytni til 2030

Grænbók um líffræðilega fjölbreytni var kynnt árið 2022 og í byrjun árs 2024 var skipaður nýr stýrihópur til að halda áfram vinnu við stefnumótun og framkvæmdaáætlun fyrir líffræðilega fjölbreytni hér á landi til næstu ára, sem styðja á við framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Drög að hvítbók um stefnu Íslands voru sett til kynningar í Samráðsgátt stjórnvalda sumarið 2025. Skúli Skúlason, sérfræðingur hjá Náttúruminjasafni Íslands og prófessor við Háskólann á Hólum, var skipaður í stýrihóp hvítbókarinnar fyrir hönd háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis í nóvember 2024. Verkefni Biodice undanfarinna ára hafa skilað sér inn í stefnumótunarvinnuna og má þar m.a. nefna málþing og skýrslu um vistkerfisnálgun árið 2023, stöðumat á málaflokkum atvinnuvegaráðuneytisins í innleiðingu GBF ásamt Nordic Biodiversity Framework.



Stefna og markmið um líffræðilega fjölbreytni til ársins 2030.

# CAP-SHARE

**Verkefnið CAP-SHARE: Byggjum brýr á milli vísindafólks, stefnumótenda og samfélaga (á ensku CAP-SHARE: Building Bridges of Shared Capacity between Scientists, Policymakers, and Communities) hlaut styrk frá Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Interreg Northern Periphery and Arctic) sem nemur í heildina rúmum 120 milljónum króna.**

Um er að ræða þriggja ára verkefni sem hófst haustið 2024 og lýkur haustið 2027. Markmið verkefnisins er að valdefla ungt fólk og styrkja tengsl vísindafólks og stefnumótenda í samfélögum á norðurslóðum, einkum þegar kemur að ákvarðanatöku varðandi verndun líffræðilegrar fjölbreytni og aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Áhersla verður lögð á samvinnu við ungmenni sem munu taka þátt í vinnustofum þar sem rödd allra fær að heyrast.

Þátttakendur í verkefninu eru Náttúruminjasafn Íslands, Selasetrið, Húnaklúbburinn og sveitarfélagið Húnaþing vestra, ásamt samtökunum Arctic Frontiers í Noregi og Háskóla Lapplands í Finnlandi. Vinnan fer að hluta til fram á netinu, en einnig verða vinnustofur og ráðstefnur haldnar í hverju þátttökulandi.

Þar er unnið út frá þremur meginþemum:

- Að byggja brýr á milli samfélaga, stefnumótenda og vísindafólks
- Að tekið sé tillit til sjónarhorna þvert á kynslóðir heimafólks
- Að virkja ungt fólk til þátttöku og áhrifavalda í staðbundnum aðgerðum, allt frá hugmyndavinnu til stefnumótunar.



CAP-SHARE hópurinn á Arctic Spirit ráðstefnunni í Finnlandi í maí á myndinni til vinstri. Myndin til hægri er frá vinnustofu um líffræðilega fjölbreytni og staðbundnar rannsóknir með ungmennum frá Grunnskóla Húnaþings vestra sem haldin var í samstarfi við Selasetrið á Hvammstanga.


Á fyrsta ári verkefnisins voru haldnar vinnustofur á fjarfundum þar sem samstarfsaðilar deildu þekkingu og reynslu sem byggir á sameiginlegum markmiðum verkefnisins með fjölbreyttum hagsmunaaðilum frá norðurslóðum og Norðurlöndum. Byggt á þessum umræðum, rannsóknum og sameiginlegri reynslu, skipulagði hver samstarfsaðili í sínu landi ráðstefnur, málstofur, vinnustofur o.fl. viðburði á árinu 2025.

Á Íslandi fóru fram fjölbreyttir viðburðir á árinu 2025. Ráðstefna var haldin í samstarfi við Selasetrið á Hvammstanga í september þar sem fjallað var um samstarf hagsmunaaðila í samfélaginu í tengslum við vaxandi áskoranir sem tengjast lofslagsbreytingum og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og fjölbreyttar vinnustofur voru haldnar um sjálfbæra ferðaþjónustu. CAP-SHARE tók þátt í málstofu Biodice á Líffræðiráðstefnunni í október 2025 um mikilvægi þekkingar og rannsókna í stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni. Í sama mánuði tók CAP-SHARE þátt í vinnustofu um þörungarækt. Þessi vinna og reynslan sem verður til mun nýtast til að byggja upp CAP-SHARE samvinnumódelið.

# Sögur af jörðu. Náttúra, umhverfi og sköpun í sögum frá landnámi til siðaskipta

Ritun bókarhandritsins er lokið og það komið til yfirlestrar hjá ReykjavíkurAkademíunni sem gefur bókina út í samstarfi við Hið íslenska bókmenntafélag, í ritröðinni Íslensk menning. Þetta verk var kjölfesta í starfi Viðars Hreinssonar við að byggja upp umhverfishugvísindi innan Náttúruminjasafnsins.

Það dregur fram fjölbreyttar birtingarmyndir náttúru og náttúruskilnings í íslenskum sagnabókmenntum frá landnámi til siðaskipta og var að hluta styrkt af verkefninu Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM) sem stýrt er af Snorrastofu í Reykholti. Beitt er fræðilegri nýsköpun umhverfishugvísinda á íslenskar miðaldabókmenntir frá landnámi til siðaskipta og kannað hvernig náttúruskyn, umhverfisskilningur, landfræði og staðfræði breytast með breyttum samfélagslegum og menningarlegum forsendum. Dregið er fram hvernig lífrænt hreyfiafl bókmenningar og menningarleg fjölbreytni kallast á við líffræðilega fjölbreytni.



Í bókinni [HA1] er meðal annars fjallað um náttúrunytjar í lögum og handritaframléiðslu á höfuðbólum. Hér er síða úr Jónsbókarhandriti sem skrifað var á Möðruvöllum í Eyjafirði um eða upp úr miðri 15. öld, undir handarjaðri Margrétar Vigfúsdóttur, ekkju Þorvarðar Loftssonar ríka. Allmörg handrit eru til úr ritstofunni á Möðruvöllum. Á myndinni er verið að höggva rekavið í upphafi Rekabálks. Þetta er handritið 132 4to, 38v: <https://handrit.is/manuscript/view/is/AM04-0132/0#mode/2up> myndin hér, á blaði 38v <https://handrit.is/manuscript/view/is/AM04-0132/79?iabr=on#page/38v/mode/2up>

# Fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn: Jón Guðmundsson lærði (1574-1658) í norrænni vísindasögu og önnur verkefni sem tengjast Jóni

Áfram var unnið við inngang og skýringar við enska þýðingu á riti Jóns Guðmundssonar lærða, Ein stutt undirréttung um Íslands aðskiljanlegar náttúrur sem er fyrsta ritið sem varðveist hefur á íslensku um náttúrufar á Íslandi, í samvinnu við dr. Vicki Szabo, prófessor í umhverfissögu við North-Carolina háskóla í Bandaríkjunum.

Hafin var í samstarfi við dr. David Winter, prófessor við Brandonháskóla í Manitoba, Kanada, ritun greinar um særingar og særingakvæði Jóns lærða, með vinnutílinn „Northern Prospero: Jon the Learned and the Haunted Island“. Greinin verður sýnd ritrýndu tímariti til birtingar.

Unnið var framan af ári að þróun rannsóknaverkefnis á Íslandskorti sem allt bendir til að Jón hafi teiknað, í samstarfi við Bill Christens Barry hjá Equipoisie Ltd. í Boston og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Leitað var til konunglegu bókasafnanna í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi um samstarf við ítarlegar rannsóknir á kortinu með fjölitrófstækni og ítarlegum erfðafræðilegum og öðrum líffræðilegar rannsóknir á korti og bleki. Safnið í Kaupmannahöfn hugðist taka þátt, en safnið í Stokkhólmi veitti aðgang að þeim hluta sem þar er geymt. Þetta verkefni er í bið þar til það verður tekið upp að nýju.



Myndir af kortinu sem hugsanlega má eigna Jóni lærða og varðveitt er í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi.

## Svartárkot, menning – náttúra (SMN)

Á vegum verkefnisins Svartárkot, menning – náttúra (SMN) var kynnt námskeið fyrir sumarið 2026: í samstarfi við dr. David Winter, miðaldafræðing og prófessor við Brandonháskóla í Manitoba, Kanada, árið 2026, *Voices of Nature: Spirits and the daemonic in Iceland through the lens of environmental humanities*: <https://svartarkot.is/upcoming-courses/>. Þar er fyrirhugað að fjalla um hugmyndir um vættir sem í heiðni var talið að byggðu landið en féllu ekki að kristinni kirkju, hugmyndir Jóns lærða um demónískt innra líf landsins, viðureignir séra Snorra í Húsafelli við upplýsinguna og loks birtingarmyndir náttúrusýnar í nútímanum. Lokahluti námskeiðsins verður í Reykholti og Húsafelli í Borgarfirði (ekki fékkst nægileg þátttaka til að halda námskeiðið).



Svartárkot við Svartárvatn, Ódáðahraun í bakgrunni.



Þátttakendur á Svartárkotsnámskeiði 2018 með Hrafnabjargarfossa í baksýn.

# Eilífðin sem hvarf.

## Auðmagn, náttúra og vistkerfi

Eilífðin sem hvarf. Auðmagn, náttúra og vistkerfi. Bók (300 bls.) um hugmyndasögu náttúrunnar (stefnt að útgáfu haustið 2027). Fyrstu drög birtust í þrem greinum árið 2023: „Raddir þagna. Hugvekja í framhaldi af bók Gísla Pálssonar, Fuglinn sem gat ekki flogið.“ Náttúrufræðingurinn, 93 (2023) 1.-2., 68-75. „Jón lærði, vísindi í reifum og skapandi dyggðir.“ Menning við ysta haf. Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða. Ritstj. Birna Bjarnadóttir og Ingi Björn Guðnason, Hið íslenska bókmenntafélag 2023: 189-208, „Hvað er/var/verður [N]áttúra(n)?“ Skírnir 197 (haust2023): 316-348.

Bókin felur í sér róttæka sýn á náttúrudrottnun, nýlendustefnu og ógöngur eða vistkreppu Vesturlanda. Í tíma nær hún frá upphafi mannkyns til upphafs endalokanna á Gaza. Nýstárlegri heildarsýn og samhengishugsun er stefnt gegn þeirri víðtæku sundrun sem ríkir í samfélagi nútímans, sundrun sem nær allt frá dreifðri og oft samhengislausri þekkingu vísinda til skautunar í almennri umræðu. Grunnhugsunin felst í því að mannskepnan er óhjákvæmilega og alltaf hluti náttúrunnar og vistkerfanna og ber ábyrgð í samræmi við það. Líffræðileg fjölbreytni speglast í menningarlegri fjölbreytni, hugsun sem getur myndað grunn að nýjum lýðræðishugmyndum með djúpstæðari jöfnuði, innan landa og alþjóðlega.

Umhverfishugvísindi eru í mikilli sókn því vitund vex um að þekking á menningu og menningarsögu í umhverfislegu samhengi veiti skilning til að taka heildstætt og hnattrænt á kreppunni. Beita þarf hugmyndasögu til að skýra rætur þessa ástands, í afstöðu til náttúrunnar og náttúrudrottnun sem viðgengist hefur samfara nýlendukúgun síðustu aldir með smættun náttúru í þjónustu hagvaxtar. Mikið hefur skort á gagnrýna umfjöllun um pólitík og hugmyndastrauma gagnvart náttúru og umhverfi í víðu samhengi. Bókin endurnýjar menningarlega og samfélagslega umræðu gagnvart vistkreppunni.



Baruch Spinoza eða Benedictus de Spinoza (1632-1677), hollenskur heimspekingur. , Orð hans, „Deus sive Natura“ – „Guð eða náttúra“ hafa verið mikilvægur innblástur fyrir ritun bókarinnar, sem og hugmynd hans um sjónarhorn eilífðarinnar, „sub specie aeternitatis“.

# Safnkostur

Náttúruminjasafn Íslands safnar munum sem henta starfsemi þess. Munirnir eru skráðir, rannsakaðir og varðveittir, samkvæmt lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og safnalögum nr. 141/2011.



## Hverju er safnað?

**Safnkostur Náttúruminjasafnsins stækkar jafnt og þétt og ræður þar töluvert miklu gjafmildi velunnara safnsins. Í safnkostinum eru nú tæplega 40.000 munir sem varðveittir eru í geymslum á vegum Náttúruminjasafnsins. Velunnarar safnsins færðu því á árinu meðal annars náttúrumuni og bækur tengda starfseminni.**

Náttúruminjasafn Íslands hefur á undanförunum árum byggt upp öflugan og fjölbreyttan safnkost, ekki síst fyrir tilstilli rausnarlegra gjafa velunnara safnsins. Í safneigninni eru meðal annars nokkur steinasöfn, uppstoppaðir fuglar, eggjasöfn með yfir 45 tegundum, þurrkuð og pressuð plöntusöfn og skeljasöfn, auk fjölmargra annarra muna sem varpa ljósi á náttúru landsins og þróun hennar.

Safnið leitast stöðugt við að efla safnkost sinn með það að markmiði að styrkja rannsóknir, miðlun og fræðslu. Um þessar mundir er sérstaklega óskað eftir munum í svokallað snertisýnasafn, sem ætlað er til fræðslu og upplifunar. Þar er meðal annars leitað eftir gjóskusýnum, sandi og öðrum jarðfræði- og líffræðisýnum sem henta til beinnar snertingar og skoðunar. Snertisýnasafn Náttúruminjasafnsins gegnir mikilvægu hlutverki í fræðslustarfi safnsins og er nýtt á viðburðum, fyrir leiðsagnir og í skólaheimsóknir. Með því að gefa gestum kost á að snerta og rannsaka sýni skapast forvitni og dýpri skilningur á náttúrunni. Slík nálgun eykur aðgengi að þekkingu og gerir bæði börnum og fullorðnum kleift að upplifa náttúruna og vísindi á lifandi og áhrifaríkan hátt.



Snertisýni eru mikilvægur hluti af safnkosti Náttúruminjasafns Íslands.

## Eldfjallasafn Haraldar Sigurðssonar

Eldfjallasafn Haraldar Sigurðssonar, sem Náttúruminjasafnið fékk til umsjónar undir lok árs 2024 og barst í hús árið 2025, hefur nú að mestu verið flokkað og að hluta ljósmyndað og skráð. Safnið hefur meðal annars að geyma fjölbreytt berg- og steinasýni sem endurspeglar eldvirkni og jarðfræðilega sérstöðu Íslands. Safninu er umhugað um að gera þennan safnkost aðgengilegan almenningi og því var fagnað þegar Náttúruverndarstofnun óskaði eftir stærstum hluta steinasafnsins á nýju grunnsýninguna Undur Snæfellsjökuls í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi sem staðsett er innan Snæfellsjökulspjóðgarðs. Gestir og gangandi geta nú kynnst fjölbreyttum berggrunni Íslands á lifandi og áþreifanlegan hátt á sýningunni.



Hluti af steinasýnum úr safnkosti Haraldar Sigurðssonar á sýningunni í Þjóðgarðsmiðstöð Snæfellsjökulspjóðgarðs á Hellissandi.

## Steingervingasafn

Nýverið færði Friðgeir Grímsson prófessor við háskólann í Vín safninu einstaka og afar verðmæta gjöf: steingervinga frá öllum helstu fundarstöðum á Íslandi. Safnið spannar plöntu- og smádyraleifar úr 6-15 milljón ára gömlum setlögum og veitir mikilvæga innsýn í jarð- og lífsögu landsins. Plöntusteingervingarnir sýna að hér á landi óx áður fjölbreyttur trjá- og runnagróður við mun hlýrra og rakara loftslag en nú ríkir. Vinna er þegar hafin við að skrá, ljósmynda og greina steingervingana, sem eru af margvíslegri gerð og stærð. Friðgeir er steingeringafræðingur með sérhæfingu í plöntum og rannsakar bæði stórplöntusteingervinga og frjó- og örplöntuflóru. Hann hefur gefið út fjölda greina bæði á íslensku og ensku sem áhugavert er að lesa.




Nokkur laufblöð, mögulega Arnarbeyki (*Fagus friedrichii*). Úr Þórislíðarfjalli í Selárdal í Arnarfirði, 15 milljón ára.

# Sarpur

**Sarpur** er gagnagrunnur sem starfræktur hefur verið í safnastarfi frá árinu 1998 og gegnir lykilhlutverki í varðveislu og miðlun upplýsinga um safnkost safna. Söfn um allt land nýta hann til að skrá og varðveita upplýsingar og fróðleik um safnkost, þar á meðal málverk, skúlpúra, ljósmyndir, teikningar, leir- og trémuni, fornleifar og náttúrumuni. Stór hluti gagnagrunnsins er aðgengilegur á ytri vef Sarps þar sem hægt er að leita að tilteknum gripum eftir flokkum og söfnum.

Í lok árs 2025 var nýr sarpur tekinn í notkun. Sarpur 4 er uppfært skráningarkerfi sem byggir á kerfinu MuseumPlus frá Zetcom. Nýja útgáfan styrkir enn frekar faglega skráningu og gerir almenningi kleift að nálgast upplýsingar um safnmuni á einfaldan og aðgengilegan hátt á Sarpur.is.

Í nýjum Sarpi verður jafnframt hægt að setja upp stafrænar sýningar, bæði innan einstaka safna og í samstarfi milli safna. Þannig verður safnkostur gerður enn aðgengilegri almenningi í nýrri og skemmtilegri umgjörð. Mikilvægt skref hefur því verið stigið í eflingu stafrænna innviða íslensks safnastarfs.




Skjáskot af heimasíðuviðmótinu í nýjum Sarp.

# Útgáfa

Náttúruminjasafnið gefur út á eigin vegum og í samvinnu við aðra prentefni um náttúru Íslands og náttúrusögu. Safnið heldur einnig úti vefsetrinu [nmsi.is](http://nmsi.is), Facebook-síðu og Instagram-reikningi.




# Útgáfa Náttúruminjasafnsins



## Vefsetur Náttúruminjasafns Íslands - [www.nmsi.is](http://www.nmsi.is)

Á vefsíðu Náttúruminjasafnsins er að finna margvíslegar upplýsingar um safnið, fréttir af starfsemi þess og viðburðum. Auk þess eru upplýsingar um sýningar safnsins, margvísleg samstarfsverkefni og rannsóknir, sem og útgáfustarfsemi.

Safnið heldur einnig úti vefsvæðunum [www.frodleiksbrunnur.is](http://www.frodleiksbrunnur.is) og [www.biodice.is](http://www.biodice.is) sem og vefsvæði Náttúrufræðingsins, sjá hér fyrir neðan.



## Samfélagsmiðlar

### Náttúruminjasafnsins

Safnið heldur jafnframt úti virkum aðgöngum á Facebook og Instagram. Færslur á samfélagsmiðlum eru fjölbreyttar og lögð er áhersla á að fræða fólk um náttúruna, út frá líffræðilegu og jarðfræðilegu sjónarhorni auk þess sem miðlarnir eru nýttir til að auglýsa viðburði á vegum safnsins og gefa innsýn í starfsemi safnsins.

IG [@natturuminjasafnid](https://www.instagram.com/natturuminjasafnid)


FB [@natturuminjasafnislands](https://www.facebook.com/natturuminjasafnislands)


# Náttúrufræðingurinn

Náttúrufræðingurinn er tímarit Hins íslenska náttúrufræðifélags og Náttúruminjasafns Íslands og hefur verið gefið út frá árinu 1931. Í febrúar 2014 gerðu félagið og safnið með sér samning um ritstjórn og útgáfu tímaritsins sem hefur frá og með 1. tölublaði 84. árgangs verið gefið út í nafni beggja. Hvor aðili greiðir helming af útgáfukostnaði og launum ritstjóra. Náttúrufræðingurinn vinnur að því að auka áhuga og þekkingu á náttúrufræðum, umhverfisvísindum og umhverfismálum og hafa áhrif á viðhorf til náttúrunnar og til náttúruverndar.


Ritstjóri Náttúrufræðingsins, Margrét Rósa Jochumsdóttir, hefur aðstöðu á skrifstofu Náttúruminjasafnsins. Hún sér einnig um vef og Facebook-síðu Náttúrufræðingsins.

Á árinu 2025 kom út eitt fjórfalt hefti Náttúrufræðingsins. Ákveðið var að prenta aðeins eitt blað að þessu sinni, í staðinn fyrir tvö, en fjárhagsstaða bæði NMSÍ og HÍN er mjög bág. Blaðið kom út í lok ársins, en allar greinar sem Náttúrufræðingnum bárust og fóru í gegnum ritrýni á árinu 2025 voru hins vegar settar á vef Náttúrufræðingsins. Þar er hægt að prenta þær út sem PDF-skjöl á nákvæmlega sama hátt og þær greinar sem settar voru upp í prentaða blaðinu.





Á vef Náttúrufræðingsins [www.naturufraedingurinn.is](http://www.naturufraedingurinn.is) eru greinar blaðsins birtar, sem og annað innsent efni sem þykir falla vel að stafrænni útgáfu. Greinarnar eru settar upp í bæði vefútgáfu sem og pdf-útgáfu sem hægt er að prenta út á auðveldan hátt með sömu vönduðu uppsetningu og greinarnar sem birtast í prentuðu útgáfunni.



Facebook-síða Náttúrufræðingsins var stofnuð árið 2024 og hefur fylgjendum síðunnar fjölgað jafnt og þétt. Markmið síðunnar er að vekja athygli á Náttúrufræðingnum og þeim greinum sem birtar eru á vef tímaritsins. Mikil aukning hefur orðið á lestri greina tímaritsins með tilkomu síðunnar, sem og lausasölu blaðsins í bókabúðum.

# Mannauður

Á Náttúruminjasafni Íslands starfa lítill en þéttur hópur á fjölbreyttum sviðum. Starfsfólkið nær frá safnakennurum og safnvörðum til rannsakenda, ritstjóra og sérfræðinga sem sinna háskólakennslu, sýningagerð, fræðslu og rannsóknarverkefnum. Sameiginleg áhersla þeirra er að miðla þekkingu um náttúru Íslands, tryggja faglega umsjón safneigna og stuðla að nýrri vitneskju í samstarfi við fræðasamfélagið.

## Breytingar í starfsliði safnsins

Nokkrar breytingar urðu í starfsliði Náttúruminjasafns Íslands á árinu 2025. Hilmar Malmquist, forstöðumaður lét af störfum. Hann hafið gegnt stöðu forstöðumanns frá árinu 2013. Auk hans létu af störfum tveir safnverðir, Kris Funi hætti störfum um sumarið og Húni H. Malmquist hætti störfum haustið 2025.

Nýtt starfsfólk bættist í hópinn á árinu en það voru Rannveig Magnúsdóttir, líffræðingur, og Örn Jónasson, bókari, þau komu til liðs við safnið um sumarið.

Í árslok 2025 störfuðu 12 manns hjá Náttúruminjasafninu í 8,65 stöðugildum.

Eftirfarandi aðilar voru verkefnaráðnir inn á árinu til að sinna verkefnum Biodice tímabundið:

Álfur Birkir Bjarnason – Líffræðingur  
Rebecca Rose Thompson – Umhverfis- og auðlindafræðingur  
Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir - Líffræðingur  
Ole Martin Sandberg - Heimspekingur





**Ragnhildur Guðmundsdóttir**

Settur forstöðumaður 19. maí -  
31. desember  
PhD líffræði



**Hilmar J. Malmquist**

Forstöðumaður  
Lét af störfum sumarið 2025  
PhD vistfræði



**Anna Katrín Guðmundsdóttir**

Verkefnastjóri sýninga, miðlunar  
og viðburða  
MPA verkefnastjórn



**Cécile Chauvat**

Starfsmaður CAP-SHARE  
verkefnisins  
MS fjarskiptaverkfræði og MS  
haf- og strandsvæðastjórnun



**Hannes Arason**

Sérfræðingur  
BS landfræði, Bmus  
djasstrompetleik



**Helga Aradóttir**

Safnkennari  
MA hönnun og kennsluréttindi



**Húni H. Malmquist**

Safnvörður  
Lét af störfum haustið 2025



**Kris Funi Gunnars**

Safnvörður  
Lét af störfum sumarið 2025



**Margrét Rósa Jochumsdóttir**

Ritstjóri Náttúrufræðingsins  
MA þróunarfræði, MA ritstjórn og  
útgáfa



**Rannveig Magnúsdóttir**

Sérfræðingur  
PhD líffræði



**Skúli Skúlason**

Sérfræðingur  
PhD líffræði



**Snæbjörn Guðmundsson**

Sérfræðingur  
BS jarðfræði



**Viðar Hreinsson**

Sérfræðingur  
Mag.art. bókmenntafræði



**Póra Björg Andrésdóttir**

Sérfræðingur  
MS jarðfræði



**Örn Jónasson**

Fjármál  
MS viðskiptafræði, diplóma í  
opinberri stjórnsýslu og  
viðurkenndur bókari

# Fjármál

**Framlag ríkissjóðs til rekstrar Náttúruminjasafns Íslands árið 2025 nam 151,5 m.kr og hækkaði um 2,9% frá árinu 2024.**

Heildarútgjöld ársins 2025 námu alls 317,7 m.kr. og lækka um 58,2 m.kr. milli ára sem er lækkun er nemur 18,3% frá árinu 2024. Stærstur hluti þessara útgjalda er vegna samningsbundinna greiðslna til hollenska fyrirtækisins Kossmanndejong sem leiðir hönnun sýningarinnar í Náttúruhúsinu í Nesi (sjá hér nánar neðar).

Sértekjur námu 31,5 m.kr. Helstu tekjur á árinu voru vegna styrks frá Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins í tengslum við CAP-SHARE-verkefnið en einnig fékkst styrkur frá Atvinnuvegaráðuneytinu vegna stöðumats á innleiðingu samningsins um líffræðilega fjölbreytni (BIODICE) í íslenska stjórnsýslu. Aðrar tekjur voru einkum vegna hlutdeildar Hins íslenska náttúrufræðifélags í útlögðum kostnaði við útgáfu tímaritsins Náttúrufræðingsins, sýningarhalds í Perlunni og hlutdeildar Listasafns Íslands í leigu á geymslurými að Bygggördum 12.




**Útgjöld umfram sértekjur** námu 286,2 m.kr. árið 2025, sem er um 18,9 m.kr. lægra en árið 2024. Þetta gerir að útgjöld voru 115,1 m.kr. umfram 171,2 m.kr. rekstrarframlag ríkissjóðs árið 2025, þannig að halli af rekstri árið 2025 varð sem því nemur eða 115,1 m.kr. (hallinn var 138,2 m.kr. árið 2024).

**Launakostnaður** nam alls 152,2 m.kr. og lækkar um 3,9% milli ára vegna áframhaldandi fækkun fastráðins starfsfólks hjá safninu og þrátt fyrir um 3,6% kjarasamningsbundinna launahækkana hjá meginþorra starfsfólks í apríl 2025. Í árslok 2025 störfuðu 12 manns hjá Náttúruminjasafninu í 8,65 stöðugildum. (11,1 að meðtöldum stöðugildum sem fjármöggnuð eru með utanaðkomandi verkefnastyrkjum), 9,4 árið 2024, 10,6 árið 2023, 11,7 árið 2022 og 12,1 2021. Þannig eru fastráðin stöðugildi við Náttúruminjasafnið nær 30% færri í ár miðað við árið 2021 þegar stöðugildin voru flest.

**Aðkeypt þjónusta** nam 98,2 m.kr. og lækkar um 63,4% m.kr. milli ára. Þar vega þyngst eins og áður samningsbundnar greiðslur til Kossmanndejong (59,4 m.kr. árið 2025) sem hannar sýninguna í Náttúruhúsi í Nesi ásamt kostnaði við forvörslu og smíði stoðgrindar á beinagrind íslandssléttbaks sem verður hryggjarstykkið á nýju grunnsýningunni (14,8 m.kr. árið 2025).

**Kostnaður vegna undirbúnings sýningar í Náttúruhúsinu í Nesi** nam alls um 76,0 m.kr. á árinu 2025 og er kostnaðurinn þar með kominn í alls 293,5 m.kr. (76,0 m.kr./2025, 134,0 m.kr./2024; 49,2 m.kr./2023; 17,9 m.kr./2022 (þar af laun 10,1 m.kr.); 12,7 m.kr./2021 (þar af laun 10,5 m.kr.) og; 3,7 m.kr./2020). Þessi kostnaður er hluti af heildarkostnaði stofnunarinnar í rekstrarreikningum viðkomandi ára og skýrir verulegan hluta halla árána 2022, 2023, 2024 og 2025, en stofnunin fékk 100 m.kr. ríkisframlag í árslok 2020 til undirbúnings sýningargerðinni.



Skífurit sem sýnir hlutfallslega skiptingu útgjalda Náttúruminjasafns Íslands eftir rekstrarliðum á árinu 2025.

	2025	2024	Breyting (%)
<b>Sérstekjur alls</b>	<b>-31.473.492</b>	<b>-70.757.791</b>	<b>-124,82</b>
Launakostnaður	152.225.397	158.162.227	-3,90
Ferðir og fundir	2.695.028	5.405.722	-100,58
Rekstrarvörur	2.532.123	3.011.642	-18,94
Aðkeypt þjónusta	98.211.538	160.465.265	-63,39
Húsnæði	31.119.643	24.182.447	22,29
Bifreiðar og vélar	829	2.335	-181,66
Afskriftir	19.649.831	19.737.879	-0,45
Annar rekstrarkostnaður	11.257.355	4.902.968	56,45
<b>Útgjöld alls</b>	<b>317.691.744</b>	<b>375.870.485</b>	<b>-18,31</b>
<b>Útgjöld umfram sértekjur alls</b>	<b>286.218.252</b>	<b>305.112.694</b>	<b>-6,60</b>
Framlag ríkissjóðs til rekstrar	-151.500.000	-147.200.000	
Framlag ríkissjóðs til afskrifta	-19.649.831	-19.737.879	
<b>Framlag ríkissjóðs alls</b>	<b>-171.149.831</b>	<b>-166.937.879</b>	
<b>Rekstramiðurstaða - afkoma alls (halli)</b>	<b>115.068.421</b>	<b>138.174.815</b>	

Framlag til fjárfestinga árið 2025 nam 1.4 m.kr. sem er töluverð lækkun frá árinu áður er þessi fjárhæð nam 6.4 m.kr. Einungis um 0.7 m.kr. af voru notaðar af þessum 1.4 m.kr. til fjárestinga á ýmiskonar tækjabúnaði eins og tölvum, tækjabúnaði vegna sýninga og viðhaldi á sýningum.

# Náttúruminjasafn Íslands

**Náttúruminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins, eitt þriggja höfuðsafna landsins og starfar samkvæmt lögum um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og safnalögum nr. 141/2011.**

Meginhlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að miðla þekkingu og fróðleik um náttúru Íslands, náttúrusögu, nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og tengsl náttúru landsins við umheiminn. Í því skyni stundar safnið rannsóknir á sínu sviði og gengst fyrir sýningarhaldi, útgáfu og viðburðum, og stuðlar þannig að auknu aðgengi almennings að náttúruarfinum, varðveislu hans og sjálfbærri umgengni við hann. Náttúruminjasafnið hefur það jafnframt að leiðarljósi með starfsemi sinni að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru og vísinda.

Náttúruminjasafnið skal vera opið almenningi og starfa í þágu almennings. Safnið skal vera framsækið, áhugavert og faglega leiðandi höfuðsafn á sviði náttúrufræða og ein af grunnstoðum samfélagsins í menntun og upplýsingagjöf um umhverfi og náttúru. Starfsemi Náttúruminjasafnsins skal miða við þarfir sem flestra, óháð aldri, kyni, félagslegri stöðu eða uppruna. Það skal vera vettvangur lífandi og gagnrýnnar umræðu um náttúru og umhverfismál og beita sér fyrir kynningu á því nýjasta og markverðasta sem efst er á baugi hverju sinni í þeim efnum.



# Ritlisti

Hafdís Hanna Ægisdóttir og Rannveig Magnúsdóttir. Fjölbreytileiki náttúrunnar, ábyrgð okkar allra. Fimmta tölublað Þoku, 22. maí 2025.

Lakka, H-K., A.G. Finstad, M. Rautio, B.K. Kristjánsson, R. Guðmundsdóttir & S. Skúlason (2025). Is the Arctic overlooked in global biodiversity protection goals for freshwaters? Arctic, Antarctic, and Alpine Research 57(1) 2506876. <https://doi.org/10.1080/15230430.2025.2506876>

Magnúsdóttir, R., Sandberg, O.M., Thompson, R., Skúlason, S., Lakka, H-K., Richardson, K. (2025). Nordic Biodiversity Framework. Laying the foundation for Nordic synergy regarding the Global Biodiversity Framework. TemaNord 2025:553. 47 p. <http://dx.doi.org/10.6027/temanorth2025-553>

Rannveig Magnúsdóttir, Skúli Skúlason, Ole Martin Sandberg, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir og Rebecca Thompson. (maí 2025). Greinargerð í kjölfar vinnustofu Biodice um líffræðilega fjölbreytni þann 23. apríl 2024 (Biodice workshop on biodiversity). Reykjavík, Iceland. <https://doi.org/10.33112/BIO2025903>

Rannveig Magnúsdóttir, Ole Sandberg, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Rebecca Thompson, Skúli Skúlason og Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir. Dagur líffræðilegrar fjölbreytni 2025. Vísir 22. maí 2025.

Sandberg, O.M., Schultz, A., Gudmundsdottir, R. and Skulason, S. (2025). 'Species' Is Not the (Only) Unit of Biodiversity: A Process-Philosophical Perspective on Conservation Concepts. Marine Ecology, 46 (1), 1-10. <https://doi.org/10.1111/maec.12857>

Skúli Skúlason og Ole Martin Sandberg. Creative Response: A defining Aspect of Life 2025. Introduction to a catalogue for the art exhibition CREATIVE RESONSES / VIÐBRAGÐ, Gallery SPECTA Copenhagen 16 May – 21 June, and Akureyri Art Museum 27 November – 8 February 2026. Útgefandi: The University of Iceland's Research Center in Þingeyjasveit and SPECTA. Ritstjórar: Auður Aðalsteinsdóttir & Þórdís Aðalsteinsdóttir. ISBN: 978-9935-9629-1-1. Sjá: [https://www.listak.is/static/files/2025/creative-responses\\_a\\_spreads.pdf](https://www.listak.is/static/files/2025/creative-responses_a_spreads.pdf).

Starfsfólk Náttúruminjasafns Íslands. Varðveitum vatnið – hugvekjja. Vísir 16. September 2025.

Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, Álfur Birkir Bjarnason og Rannveig Magnúsdóttir. (2025). Stöðumat á málaflokkum atvinnuvegaráðuneytis vegna samkomulags Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Biodice.

Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir. Leiðarvísir til verndar líffræðilegrar fjölbreytni. Fimmta tölublað Þoku, 22. maí 2025.

Viðar Hreinsson. „Að detta í tjörn – og náttúran opinberast“. Ritdómur um Tjörnina eftir Rán Flygenring, Tímarit Máls og menningar 86 (1: 2025), 135-140. Rafrænt, <https://tmm.forlagid.is/ad-detta-i-tjorn-og-natturan-opinberast/>

Náttúruminjasafnið skilaði tveimur umsögnum við tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár fyrir árin 2025–2029, fyrri dagsett 10. apríl 2025 (<https://www.althingi.is/alttext/erindi/156/156-692.pdf>) á 156. löggjafarþingi og aftur umsögn dagsett 25. september 2025 (<https://www.althingi.is/alttext/erindi/157/157-33.pdf>) um sama mál sem var endurflutt á 157. löggjafarþingi.

# Fyrirlestrar, erindi og málþing

Anna Katrín Guðmundsdóttir. Áskoranir og úrlausnir við sýningargerð – Reynsla Náttúruminjasafns Íslands af gerð tveggja grunnsýninga. Málstofa um sýningargerð á Farskóla Félags íslenskra safna og safnafólks (FÍSOS). Hótel Selfoss, 2. október 2025.

Álfur Birkir Bjarnason, Björn Barkarson, Cécile Chauvat, Christophe Pampoulie, Guðrún Óskarsdóttir, Ole Sandberg, Rannveig Magnúsdóttir, Skúli Skúlason og Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir. Málstofa Biodice um mikilvægi þekkingar og rannsókna við innleiðingu á stefnu Íslands um líffræðilega fjölbreytni á Líffræðiráðstefnunni 9. október 2025.

Camille Leblanc, Camille A. Leblanc, Agnes-Katharina Kreiling, Krista Veijonen, Ragnhildur Guðmundsdóttir, Leivur Janus Hansen, Kári H. Arnasson, Bjarni K. Kristjánsson. Have fish communities in Faroese lakes and their preys changed in 20 years. Líffræðiráðstefnan október 2025.

Chauvat, C. & Guðmundsdóttir, R. (2025, March 20-28) “Biodiversity as a framework for capacity sharing” [Conference presentation]. Arctic Summit Science Week 2025, Boulder, Colorado.

Chauvat, C., Guðmundsdóttir, R. & Aquino, J. (2025, September 26). “Biodiversity in Iceland: What is it and why does it matter?” [Poster presentation]. Bragðagarður, Reykjavík, Iceland.

Chauvat, C., Guðmundsdóttir, R. & Aquino, J. (2025, October 9-11). “CAP-SHARE: Capacity sharing for biodiversity in the Nordic countries – international needs and opportunities to local actions” [Conference presentation]. ICEBIO, Reykjavík, Iceland.

Helga Aradóttir. Hvernig endaði ég á safni? Fyrirlestur fyrir nemendur í þjóðfræði við Háskóla Íslands, 17. febrúar 2025.

Helga Aradóttir og Torfi Stefán Jónsson. Creative Ways to Interpret Nature. Vinnustofa á norrænu málþingi um náttúrutúlkun, Explore Nordics – Pedagogical Methods in Nature Interpretation and Environmental Education. Wiks Slot, Uppsala, 19.-21. mars 2025.

Margrét Rósa Jochumsdóttir. Náttúrufræðingurinn – 100 ára ferðalag tímarits. Fyrirlestur á Líffræðiráðstefnunni 10. október 2025 í Öskju.

Ole Sandberg. Fyrirlestur um Biodice og Náttúruminjasafn Íslands á málþingi Borgarnáttúru um líffjölbreytileikann í borgarumhverfinu í garðskála Grasagarðs Reykjavíkur 26. nóvember 2025.

Ole Martin Sandberg og Skúli Skúlason. The importance of the Ecosystem Approach in resource use and conservation. Árleg ráðstefna Vistfræðifélags Íslands (Vístís). Keldnaholt, Reykjavík, 23. maí 2025.

Ragnhildur Guðmundsdóttir. Introduction to the 4<sup>th</sup> workshop of CAP-SHARE. Policymakers collaborating with youth and communities. Online webinar 29<sup>th</sup> April 2025.

Ragnhildur Guðmundsdóttir. Introduction of the CAP-SHARE project. Tähtelä Observatorium, Finland. 9. maí 2025.

# Fyrirlestrar, erindi og málþing - frh

Ragnhildur Guðmundsdóttir. Seals in Iceland. Biodiversity workshop. Upper secondary school Sodankylä Finland. 8. maí 2025.

Ragnhildur Guðmundsdóttir. Icelandic Museum of Natural History. New permanent exhibition The Ocean. Opnunarerindi Líffræðiráðstefnan 2025. 9. október 2025.

Ragnhildur Guðmundsdóttir. Ávarp við Hátíð brautskráðra doktora við Háskóla Íslands, 1. desember 2025.

Rannveig Magnúsdóttir, Ole Martin Sandberg, Rebecca Thompson, Skúli Skúlason, Álfur Birkir Bjarnason, Sæunn Júlía Sigurjónsdóttir, Hanna-Kaisa Lakka og Katherine Richardson. The Nordic Biodiversity Framework. Árleg ráðstefna Vistfræðifélags Íslands (Vístís). Keldnaholt, Reykjavík, 23. maí 2025.

Skúli Skúlason, Camille Leblanc, Ole Martin Sandberg og Bjarni Kristófer Kristjánsson. Biodiversity as the foundation of ecological and evolutionary processes with focus on ecosystem approach in conservation. Oikos-Finland Conference, University of Jyväskylä 11-14 March 2025.

Skúli Skúlason. Fyrirlestur um Verkefni Háskólans á Hólum og Náttúruminjasafns Íslands tengd loftslagsmálum og norðurslóðum. Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Norðurslóðanet Íslands og Rannís. Vinnustofa um framlag rannsóknarsamfélagsins hvað varðar aðlögun að loftslagsbreytingum, Háskóli Íslands 27. maí 2025.

Valkeapää, N-J., Taulavuori, P., Yliniemi, A., Friðriksdóttir, F., Salonen, V., Kultima, K., Turton, J. & Äärelä-Vihriälä, R. (2025, May 5-7). "Building future security together: transdisciplinary and intergenerational capacity sharing for community development in the Arctic" [Panel session moderated by Pigga Keskitalo and Cécile Chauvat]. Arctic Spirit Conference, Rovaniemi, Finland.

Viðar Hreinsson, „Systa í karakter. Um vistkerfið í Systu megin eftir Steinunni Sigurðardóttur.“ Hafa þær einhverju breytt? Málþing um kvenhetjur í sögum Steinunnar Sigurðardóttur. Edda, hús Íslenskunnar, 15. september 2025.

Viðar Hreinsson, „Sögur af jörðu. Um lífræna sagnalist forna.“ Dagur Snorra Sturlusonar. Hátíð í Reykholtskirkju tileinkuð Snorra Sturlusyni 27. september 2025.

Viðar Hreinsson, „Öld hugsjóna eða öld ofbeldis. Um Stephan G. Stephansson, stríð og frið.“ Fræðslufundur Þjóðræknisfélags Íslendinga, 27. nóvember 2025. Svæði tungumálanna á 2. hæð Veraldar, húsi Vigdísar, Brynjólfsgötu 1. Lesturinn endurtekinn fyrir Eldri vinstri græn á jólafund 10. desember í húsi FEB Stangarhyl 4.

# Náttúruminjasafn Íslands maí 2026



**Ritstjórn og uppsetning skýrslu:** Helga Aradóttir

**Prófarkalestur:** Ragnhildur Guðmundsdóttir

**Ljósmynd á forsíðu og kaflasíðum:** Snorri Baldursson

**Ljósmynd á baksíðu:** Snæbjörn Guðmundsson

**Ljósmyndir:** Starfsfólk Náttúruminjasafns Íslands, Helgi Guðmundsson, Snorri Baldursson o.fl

